

Til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landsþings

8. febrúar 2024

Tillaga að breytingu á samþykktum sambandsins

Á landsþingi árið 2018 var samþykkt að fela stjórn sambandsins að setja á fót starfshóp um endurskoðun á samþykktum sambandsins. Starfshópurinn kynnti tillögur sínar fyrir stjórn sambandsins í janúar 2020 og voru tillögurnar svo lagðar fyrir og samþykktar á landsþingi sambandsins 2021.

Í tillögum að nýjum samþykktum var gerð breyting á kjörgengi í stjórn. Fram til ársins 2021 var grein um kjörgengi í stjórn á þá vegu að framkvæmdastjórar sveitarfélaga gætu jafnframt setið í stjórn. Var sá hluti samþykktanna tekur út og hljóðar ákvæði um kjörgengi í stjórn sambandsins svona í dag: *Kjörgengir eru aðal- og varamenn í sveitarstjórn.*

Undirritaður leggur til breytingu á 11. gr. í samþykktum sambandsins sem snýr að kjörgengi í stjórn. Tillagan gengur út á að kjörgengið verðu aftur eins og það fyrir árið 2021. Ný tillaga að 11. gr. væri því svona:

11. gr.

Kosning stjórnar.

Á næsta landsþingi að afloknum sveitarstjórnarkosningum skal kjósa 10 aðalmenn í stjórn sambandsins en formaður stjórnar er kosinn beinni kosningu skv. 10. gr. Einnig skulu kosnir ellefu varamenn. Tiltekinn varamaður skal kjörinn fyrir hvern aðalmann í stjórn og tekur hann sæti í stjórninni í tímabundnum forföllum aðalmanns.

Við stjórnarkjör skal þess sérstaklega gætt að fjöldi kvenna og karla í hópi aðalmanna og varamanna sé í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu kvenna og karla. Kjörnefnd skal jafnframt gæta þess í tillögum sínum að skipan stjórnar eftir fremsta megni endurspegli að sveitarfélögin eru ólík að stærð, gerð og staðsetningu.

Tillögur kjörnefndar, sbr. 9. gr., skulu kynntar landsþingsfulltrúum eigi síðar en viku fyrir setningu landsþings samkvæmt auglýstri dagskrá.

Heimilt er að leggja fram breytingartillögur við tillögur kjörnefndar og skulu þær berast þingforsetum í upphafi landsþings. Aðeins er tekið við breytingartillögum sem uppfylla ákvæði þessarar greinar um fjölda aðal- og varamanna, skiptingu þeirra eftir kjörsvæðum og hlutfall kvenna og karla.

Fjöldi stjórnarmanna skiptist þannig eftir kjörsvæðum:

Þrjú úr Reykjavík. Tveir úr suðvesturkjördæmi. Tveir úr norðvesturkjördæmi. Tveir úr norðausturkjördæmi. Tveir úr suðurkjördæmi.

Stjórnin skiptir með sér verkum, m.a. með kosningu varaformanns.

Kjörgengir eru aðal- og varamenn í sveitarstjórn *svo og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, enda hafi þeir það starf að aðalstarfi.*

Missi stjórnarmaður umboð sitt, sbr. 1. mgr. 13. gr., eða hann lætur af störfum af öðrum ástæðum, tekur varamaður sæti hans til næsta landsþings sem kýs nýjan aðalmann í hans stað. Missi

varamaður í stjórn umboð sitt, sbr. 1. mgr. 13. gr., eða lætur af störfum af öðrum ástæðum, skal næsta landsþing kjósa varamann í hans stað.

Kjörnefnd skv. 9. gr. skal koma tímanlega saman fyrir landsþing þegar tilefni er til og gera tillögur um breytingar á stjórn sem kynntar eru eigi síðar en viku fyrir setningu landsþings. Um breytingartillögur við tillögur kjörnefndar fer skv. 3. mgr. þessarar greinar eftir því sem við á.

Kristinn Jónasson